

111. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar þriðjudaginn 7. október 2008, kl. 17:00 í Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Eydís B. Eypórsdóttir, Helgi B. Haraldsson, Guðmundur Kristinsson, Björgvin Ólafsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Aðalgata 17. Lóðarstækkun og tillöguteikning að byggingu og fyrirkomulag á lóð.
Hafsteinn Guðmundsson sækir um f.h. Kaupþings banka kt. 560882 0419, að stækka lóð Aðalgötu 17, sbr. bréf . dags. 30.07.'08. Einnig eru lagðar fram tillöguteikningar að bankabyggingu frá T.ark dags.10. '08. Erindi vísað af bæjarráðsfundi til skipulags- og byggingarnefndar.
Nefndin tekur jákvætt í erindið. Breyta þarf deiliskipulagi í samræmi við tillögu. Samþykkt með þremur atkvæðum gegn tveimur.
Björgvin greiddi atkvæði gegn breytingu á deiliskipulagi. Hann telur að ekki sé ástæða til að stækka lóð fyrir 338 m² hús. Guðmundur sat hjá.
2. Reitarvegur 6, viðbygging.
Þorbjörn Geir Ólafsson kt. 300575 5369 sækir um eftirfarandi breytingar á Reitarvegi nr. 6 . a) Að byggja um 25 m² viðbyggingu við aðalhús. b) Að setja hurð á austurgafli og glugga á vesturgafli geymslu sbr. teikningar dags.15.05.'08. Stærðir 25,3 m². Tillagan var grenndarkynnt samkvæmt 7. mgr. 43. gr laga nr. 73/1997 fyrir eigendum húsa við Reitarveg nr. 2, 4 og 4a og lóðarhafa við Reitarveg nr. 6a. Athugasemd barst frá Baldri Úlfarssyni Reitarvegi 2 og Eddu Baldursdóttur lóðarhafa við Reitarveg nr. 6a.
Nefndin leggur til að samþykkja viðbyggingu við íbúðarhús svo og breytingar á gluggum og hurð á geymsluskúr. Við endurbætur á geymsluskúr verði veggur sem snýr að lóðarmörkum Reitarvegar nr. 6a, endurbyggður í samræmi við reglugerðir um brunavarnir bygginga sbr. 156. gr byggingarreglugerðar nr. 441/1998.
3. Reitarvegur 3. Stöðuleyfi fyrir gáma.
Stykki hf. kt. 590293 2299 / Páll Aðalsteinsson óskar eftir stöðuleyfi fyrir tvo gáma á lóð við Reitarveg nr. 3 sbr. bréf dags. 30.07.'08. Skriflegt samþykki meðlóðarhafa liggur fyrir dags. 31.08.'08.
Nefndin samþykkir að veita stöðuleyfi á gámum á lóð í eitt ár í senn. Gjöld samtals kr. 12000.-
4. Sundabakki 14. Endurnýjun á tröppum.
Guðmundur Óskarsson sækir um að endurbyggja tröppur utandyra við húsið að Sundabakka 14, sbr. teikningu dags. september 2008.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 3000.-

5. Hamraendi 5. Milliloft.
Útgerð Arnars ehf. kt. 630589 1269/ Guðbrandur Björgvinsson sækir um milliloft á geymsluhúsnæði og að setja 2 glugga á gafl hússins sbr. teikn. frá Verkfræðistofu E.K. dags. sept. 2008. Skriflegt samþykki meðlóðarhafa liggur fyrir.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr.

Björgvin sat hjá vegna tengsla við 5. lið.
6. Reitarvegur 3. Viðbygging.
Útgerðarfélagið Engey ehf /Óskar Eypórsson sækir um leyfi til að byggja við mhl. 010103, sbr. teikningu frá Verkfræðistofu EK mótt. 6.10 '08. Stærðir: 73,75 m² m³.
Erindi samþykkt með fyrirvara á að skriflegt samþykki meðeigenda liggja fyrir. Gjöld samtals kr.
7. Bæjarland í fóstur.
Á fundi umhverfisnefndar Stykkishólmsbæjar þann 29. september s.l. var tillaga lögð fram og vísað til byggingarfulltrúa þess efnis hvort ekki væri möguleiki á að auglýsa eftir bæjarbúum að taka að sér og fegra landræmur og bletti við lóðir sem eru í órækt og engin sér um.
Nefndin tekur jákvætt í tillöguna og bendir á að slík verkefni þurfi að vera kvaðalaus á báða bóga og í leyfi bæjaryfirvalda..
8. Breytt dreifingarfyrikomulag Fréttablaðsins.
Lagt fram bréf frá 365 hf / Ara Edwald dags. 31.07.'08 um leyfi til að staðsetja fréttablaðakassa undir Fréttablaðið við götur í íbúðahverfum bæjarins.
Byggingarfulltrúa er falið að afgreiða erindið.

B.V.